

Ed.

340. Breytingartillögur

við frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Flm.: Jakob Möller.

1. Við 1. gr.

Í stað orðanna »frá 1. janúar 1932« komi: ef samkomulag næst þar um eða Reykjavíkurbær vill hlíta gerð þeirri, sem um ræðir í 3. gr.

2. Við 2. gr.

Á eftir orðunum »mundu eignast« komi: í Seltjarnarneshreppi.

3. Við 3. gr.

a. Fyrri málslíður 1. málsg. orðist svo:

Fyrir 1. desember 1931 skal samið eða gert um endanleg fjárskipti milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps, þar á meðal um væntanlega skaðabótageiðslu til Seltjarnarneshrepps og Kjósarsýslu vegnalaga þessara.

b. Í stað orðanna: »Gerð þessara . . . skylt að hlíta« í niðurlagi 2. málsg. komi: Að uppkveðinni gerð þessara manna, skal bærstjórn Reykjavíkur innan 14 daga hafa tilkynnt gagnaðilum, hvort hún vilji hlíta henni fyrir hönd bæjarins eða ekki. Að öðrum kosti skal gerðin vera bindandi fyrir alla aðila frá næstu áramótum.

4. Á eftir 3. gr. kemur ný grein:

Lög þessi öðlast þegar gildi.